



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Hólmavík 31.1.2024

Efni: Mál: IRN23120179, álit A lista á stjórnarsýslukæru Jóns Gísla Jónssonar, kt. 190566-3829, vegna samninga við Litla Klett um endurgerð Leikskólalóðar

Með vísan í bréf ráðuneytisins frá 16. janúar 2024, er hér lögð fram umbeðin greinargerð sveitarfélagsins.

Með vísan í erindi innviðaráðuneytis frá 16. janúar s.l. þar sem fram er komið álit A lista á stjórnarsýslukæru Jóns Gísla Jónssonar, fylgir hér umbeðin greinargerð til ráðuneytisins.

Í öllum meginatriðum er vísað í fyrri greinargerð þessa máls, sem þegar hefur verið send til ráðuneytisins vegna stjórnarsýslukæru Jóns Gísla Jónssonar, enda svarar greinargerðin flestum þeim atriðum sem sammerkt eru með kærinni og álit A lista.

En, í álitinu koma fram ásakanir sem rétt að fjalla sérstaklega um:

- Í álitinu er því haldið fram að „misbrestur hafi orðið á því að gögnin væru send til þeirra sem um þau báðu“. Þarna er ekki rétt farð með. Einn umsækjandi hafði samband símleiðis og fór því ekki rétt að í sinni umleitan. Hans fyrirspurn barst ekki formlega og var ekki svarað með sama hætti og þeim sem sendi inn formlegar fyrirspurnir. Viðkomandi aðili viðurkenndi þennan misbrest í umleitan sinni og urðu engir eftirmálar af þessu. Má benda á að umræddur aðili er heimamaður og hefur verið samið við hann um fjölmörg verkefni af hálfu sveitarstjórnar á þessu kjörtímabili
- Í álitinu er ekki farið rétt með tímaröð atburða, sem útskýrð er vel í greinargerðinni. Í álitinu eru ekki gerð skýr skil á milli samskipta sem urðu í maí þegar verkið er auglýst í tvígang og síðan samskipta við Litla Klett í lok ágúst, sem leiddu til samkomulags um verkefnið. Í maí var allt gert til að Trésmiðjan Höfði, fyrirtæki Jóns Gísla Jónssonar, kæmi til viðræðna um verkefnið. Var Jóni Gísla sérstaklega boðið til fundar um verkefnið, eftir að seinni umsóknarfrestur rann út. Því boði var ekki svarað. Engin tilboð bárust, tilboði um viðræður var ekki svarað. Það lá því ljóst fyrir í lok maí, að enginn áhugi var fyrir verkefninu af hálfu þeirra sem kölluðu eftir upplýsingum. Að setja þessa staðreynd síðan í sama samhengi og viðræður við Litla Klett í lok ágúst, er hrein og klár sögufölsun. Orðrétt segir í álitinu: „Það kemur svo í ljós að ítarlegri gögn voru unnin í lok ágúst og einn aðili fékk þau gögn til að gera tilboð“. Þarna er vísað til þess að magnskrá var gerð að beiðni Litla Kletts í lok ágúst. Einnig undirstrikað að einn aðili hafi fengið þau gögn. Staðreyndin er sú að aðeins einn aðili var við borðið þá, Litli Klettur. Trésmiðjan Höfði hafnaði boði um viðræður um verkefnið og gerði ekki tilboð þremur mánuðum áður. Trésmiðjan Höfði kallaði ekki eftir magnskrá. Trésmiðjan Höfði sýndi ekki áhuga á að ræða um aðkomu sína

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

að verkinu. Er A listinn hér að meina að samt hefði átt að hafa samband við Trésmiðjuna Höfða, þremur mánuðum eftir að þeir hafna aðkomu að verkefninu? Hvaða rök væru fyrir því?

Það sem kannski er alvarlegast í álit A listans, er eftirfarandi setning: „Með því að taka einn aðila fram yfir aðra er verið að mismuna aðilum eitthvað sem sveitarfélag á ekki að gera. Með því að velja aðkomufélag til að gera þetta „heilartilboð“ og ganga framhjá heimamönnum er sveitarfélagið að hafa af sér skatttekjur og flytja atvinnu og tugmilljóna króna tekjur út úr sveitarfélaginu.“

Hér sakar A listinn meirihlutann um að a) velja einn umfram aðra, b) ganga framhjá heimamönnum, c) hafa af sér skatttekjur og d) flytja atvinnu og tugmilljón króna tekjur út úr sveitarfélaginu

Rétt er að skoða þessar alvarlegu ásakanir nánar:

- a) Velja einn umfram aðra. Búið er að sýna fram á að aðeins einn aðili sýndi verkefninu áhuga. Er hér vísað í umræðu hér frammar og eins fyrri greinargerð þessa máls
- b) Ganga fram hjá heimamönnum. Það var allt gert til að fá heimamenn og þá sérstaklega Trésmiðjuna Höfða til að koma að verkinu, sbr samskipti í máí. Einnig má benda á viðauka í fyrri greinargerð, sem sýnir hversu oft núverandi sveitarstjórn hefur samið við heimamenn
- c) Hafa af sér skatttekjur. Þegar búið er að reyna að fá heimamenn til verksins, er sveitarfélagin enginn annar kostur en sá að leita út fyrir sveitarfélagið. Verkefni og framkvæmdir verða að halda áfram þó heimamenn sjái sér ekki fært að vinna verkin
- d) Flytja atvinnu og tugmilljóna tekjur út úr sveitarfélaginu. Þetta er alvarleg ásökun. Fulltrúar A lista, sem t.d. hafa samþykkt aðkomu utanaðkomandi verktaka vegna endurgerðar grunnskólans, vita eins vel og aðrir, að aðgengi að iðnaðarmönnum er ein helsta áskorun sveitarfélaga um allt land. Auðvitað væri best ef alltaf væru til heimamenn með þekkingu, reynslu, tíma og mannafla til að vinna öll verk sveitarfélagsins. Í 440 manna sveitarfélagi er það hins vegar ekki raunin og það vita fulltrúar A-lista vel. Þess vegna er mikilvægt að grípa þá iðnaðarmenn sem gefast. Í viðauka í fyrri greinargerð kemur fram, að þegar leitað hefur verið til verktaka utan sveitarfélagsins, er það í þeim tilvikum þegar þekkingu eða reynslu skortir, eða tíma og mannafla. Annars ekki. A listinn segir einnig í sínu álit: „Einnig tókum við undir með Jóni Gísla eins og kemur fram í bókuninni hér að framan að það virðist hafa verið stefna meirihluta sveitarstjórnar að flytja störf út úr sveitarfélaginu og ganga framhjá heimamönnum með verkefni á vegum sveitarfélagsins.“ Það eru alvarlegar ásakanir að kalla það „stefnu meirihluta sveitarstjórnar að flytja störf úr sveitarfélaginu“ þegar meirihlutinn reynir hvað hann getur til að tryggja framgang verkefna með heimamönnum, eða utanaðkomandi, sjái heimamenn sér ekki fært að gera tilboð eða koma til viðræðna um verkið.

Meirihlutinn vill gjarnan fá mat ráðuneytisins á þessum ásökunum, sérstaklega liðum c og d, sé þess kostur. Þurfi formlegri beiðni um slíkt, verður hún send.

Að öðru leyti svarar fyrri greinargerð þeim ásökunum sem fram koma í álit A lista.

Með kveðju

Þorgeir Pálsson

Oddviti.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410